

■ Alþjóðadagur geðheilbrigðis í dag

# Geðhjálp lokað vegna fjárskorts

– Beðið eftir svörum frá ríki og borg um styrk til að hefja starfsemi að nýju.

Alþjóðadags geðheilbrigðis, 10. október, er minnst í fyrsta sinn hér á landi í dag. Skrifstofa Geðhjálp er hins vegar lokað í dag eins og aðra daga vegna fjárskorts og hefur starfsemi skrifstofunnar nú verið lögð í eitt ár af þessum sökum. **Magnús Þorgrímsson** formaður samtakanna vonast til að fjármagn fái frá hinu opinber svo unnt verði að hefja starfsemi að nýju því ekki vanti verkefnið í þágu geðsjúkra og aðstandenda þeirra.

„Geðhjálp er frjáls félagasamtök aðstandenda geðsjúkra, sjúklinga og annarra sem láta sig málefnið varða. Félagið var stofnað fyrir 16 árum og hefur skrifstofa Geðhjálp í Reykja-

vík þjónað öllu landinu. Hún hefur gegnt mjög mikilvægu hlutverki og þangað hafa aðstandendur geðsjúkra leitað eftir aðstoð sem og sjúklingar. Því miður urðum við að loka skrifstofunni fyrir einu ári vegna fjárskorts.“ sagði Magnús Þorgrímsson formaður Geðhjálp í samtali við *Alþýðublaðið*.

„Ástæða þess að reksturinn fór í strand er sú að við veittum þjónustu sem við höfðum í raun ekki peninga til og söfnuðum því skuldum. Þetta ár sem skrifstofan hefur verið lokað höfum við verið að greiða niður skuldarnar. Ég vona hins vegar að með styrki frá Reykjavíkurborg og ríki verði

hægt að opna skrifstofuna að nýju og ráða starfsmanna frá næstu áramótum. Við biðum eftir svari við umsóknum okkar um styrk.“ sagði Magnús.

Þrátt fyrir lokun skrifstofunnar liggur ekki öll starfsemi Geðhjálpar niðri því rekin er stuðningsþjónusta við alvarlega geðfatlaða í samvinnu við félagsmálaráðuneytið og Reykjavíkurborg. Magnús var spurður hvar helst þyrfti að bæta þjónustuna við geðfatlaða.

„Það er margt gott gert fyrir geðfatlaða og alltaf verið að stíga skref í rétta átt. En það vantar samt mikið uppá ýmsa þætti. Þeir sem eru mest fatlaðir þurfa meiri þjónustu en veitt

er í dag. Það er ekki nóg gert til að hlusta á þá sem standa þeim næst sem leggjast inn á geðdeildir. Fólk er útskrifað alltof fljótt af deildunum og lokunin sem var í sumar olli mörgum miklum erfiðleikum. Ég vildi sjá mun meiri þjónustu út til fólksins og að geðlækniþjónustan væri meira hreyfanleg.“ sagði Magnús Þorgrímsson.

Geðlæknafélag Íslands, Geðhjálp og Geðverndarfélag Íslands gangast fyrir almennum fundi um geðheilbrigðismál í kvöld. Fundurinn verður haldinn í Eirbergi á Landspítalalöð og hefst klukkan 20.30. Allt áhugafólk um geðheilbrigðismál er velkomið á fundinn.